

## 1. skólaráðsfundur 3. nóv. 2022

Fundurinn haldinn í kaffistofu Gamla skóla kl. 16.15

Mættir: Arna Magnúsdóttir fulltrúi foreldra í leikskóladeild, Guðrún Ásta Tryggvadóttir fulltrúi kennara í grunnskóladeild, Guðrún Vilborg Borgþórsdóttir fulltrúi annars starfsfólks, Jóhanna Magnúsdóttir fulltrúi foreldra í grunnskóladeild, Urður Arna Ómarsdóttir fulltrúi starfsfólks leikskóladeildar, Heimir Loftur og Úlfur Eli fulltrúar nemenda og Þórunn Hrund Óladóttir, skólastjóri Seyðisfjarðarskóla.

Fundarritari: Þórunn Hrund

1. Farið yfir starfsemi skólaráðs. Skólastjóri fór yfir helstu verkefni skólaráðs og lagði fram hugmyndir að fundartímum skólarársins; 5. desember, 13. febrúar, 15. mars, 18. apríl og 23. maí. Fundartímarnir samþykktir.
2. Skólastarfið; upplýsingar frá skólastjóra. Skólastjóri stiklaði á stóru um starfið sem af er: engar framkvæmdir voru í sumar í byggingum skólans fyrir utan að enn er verið að vinna í súlunum fyrir framan Gamla skóla. Á leikskólanum er aðstoðarskólastjóri í veikindaleyfi og ekki hefur tekist að fá afleysingu fyrir hann þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar. Búið er að ákveða að leikskólinn verði lokaður í 4 vikur næsta sumar, dagana 3. – 27. júlí. Vikuna 31. júlí – 4. ágúst verður leikskólinn opinn ef óskað verður eftir vistun fyrir 30% barna eða meira og nægt starfsfólk verður til staðar. Skólastarfið er almennt að komast á rétt ról eftir 2 covid ár. Starfsfólk hefur getað farið á milli staða og hist m.a á kennarapingi. Nemendur geta einnig farið á milli staða og hafa þeir verið mikið á ferð og flugi í ýmsu félagsstarfi þó það sé ekki allt skólatengt. Næsta skólatengda ferðalag hjá nemendum er keppnisferð á Legó keppnina í Reykjavík. Í þetta sinn verður flogið til Reykjavíkur á föstudagsmorgni og heim á sunnudagsmorgni. Keppnin sjálf er laugardaginn 19. nóvember.
3. Ný skólabygging. Samkvæmt nýjustu framkvæmdaáætlunum Múlaþings er áætlað að hefja byggingu nýs grunnskóla árið 2025. Áður var búið að tala um að hefja byggingu árið 2024. Skólaráð vill undirstrika mikilvægi þess að ekki megi bíða með að hefja byggingu nýs skóla, núverandi húsnæði var byggt árið 1907 og er svo sannarlega barn

síns tíma. Húsnæðið uppfyllir engar nútímakröfur um skólahúsnæði, heldur hvorki vatni né vindum, uppfyllir ekki hljóðvistar- eða loftræstikröfur og þverbrýtur allar reglur um aðgengismál. Vinnuaðstaða starfsmanna er engin.

4. Mál frá starfsmönnum leikskólans:

a.) Leikskólagarðurinn; mikil þörf er á að taka leikskólagarðinn til gagnerrar endurnýjunar, jafnt leiktæki sem undirlag í garðinum. Kallað hefur verið eftir endurnýjun á garðinum í nokkurn tíma og skólastjóri mun áréttta það í viðhaldsáætlun næsta árs.

b).Aðgengi að leikskólanum. Brýnt er að laga aðgengi við útidyr þannig að hægt sé að koma vögnum auðveldlega inn og út um dyrnar. Skólastjóri mun skoða þau mál með húsverði og/eða framkvæmdasviði.

c) Mönnunarmál. Starfsfólk hefur áhyggjur af því hversu illa gengur að manna þær stöður sem losna. Vangaveltur um hvort hægt sé að gera einhverskonar markaðsátak eða "sporslur" til að hvetja fólk til að flytja í Múlaþing.

5. Jólabball Lions. Félagar í Lions hafa í langan tíma séð um jólabball í Herðubreið á milli jóla og nýárs. Nú hafa þeir gefið þetta verkefni frá sér og er það því hálfmunaðarlaust í augnablikinu. Eftir stuttar umræður tóku nokkrir skólaráðsmeðlimir af skarið (Arna, Guðrún Ásta, Urður, Heimir og Úlfur) og buðu sig fram til að halda utan um skipulagningu ballsins. Frábært framtak og góð lausn á málinu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.18